



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 13. fundur, 13. febrúar 2008.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt þrettánda fund sinn miðvikudaginn 13. febrúar 2008, kl. 16:30 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting skv. undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Afgreiðslur frá síðasta fundi.
2. Næstu skref.

### Afgreiðslur:

1. Stefán og Guðmundur lögðu fram minnisblað frá skoðunarferð þeirra í sundlaugar í Reykjavík, Hafnarfirði og Reykjalundi. Fóru þeir yfir ýmsar ábendingar og ræddu um kosti og galla einstakra lausna. Rætt um rennibrautir og þá þætti sem rétt er að hafa í huga við val á brautum. Kynntu þeir einnig hugmyndir um tvöfaldar rennibrautir sem kosta svipað og ein braut. Lagðar voru fram teikningar frá Jóni Guðmundssyni arkitekt og kom fram að hann vinnur að útlitsteikningum. Lagt fram minnisblað frá Jóni um þær ákvarðanir sem taka þarf vegna vinnu við hönnun á lauginni. Miklar umræður urðu um yfirborðslausnir og frágang á útisvæðum.
2. Kanna kosti þess að útisvæðið verði tartan-efni á steypa plötu. Yfirfara kosti þess að kjallarinn nái einnig undir pottasvæði þannig að aðgengið sé undir og í kringum allt lagnasvæðið. Nefndin leggur til að sundlaugin verði 1.00-1.50 á dýpt. Samþykkt að afla tilboða í vatnsrennibrautir fyrir næsta fund. Rætt um að breikka tengigang í 2.5 til 3.0 m.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 18.00.

Héðinn Sigurðsson, formaður  
Ágúst Þór Bragason, bæjarfulltrúi  
Guðmundur Haraldsson, umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar  
Stefán Árnason, byggingafulltrúi